

b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vör- 106
um þeim, sem taldar eru í 2. gr. 24. des.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli 9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
— 10 — 1—7,	korn, ómalað.
— 11 — 1—12,	mjöl og grjón.
— 17 — 1—6,	sykur.
— 22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
— 24 — 1—9,	tóbak.
— 25 — 10,	salt.
— 27 — 1—4,	kol.
— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkja-samninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1952 skal heimilt:

1. Að fella niður aðflutningsgjöld af:
 - a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
 - b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
 - c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
2. Að lækka um helming aðflutningsgjöld af sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár, og að heimta ekki verðtoll af flutningsgjaldi af þessum sykri.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1952, með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. másl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á

107 eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðspóknun 28. des. fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

Við a-lið 1. málsg. 22. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðspóknun hans.

Í stað orðanna „án frádráttar nokkurs kostnaðar“ í 2. málsl. 2. mgr. sömu greinar komi: án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, sem verið er að halda eftir og greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

108

28. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Aftan við nr. 16 í 9. kafla kemur nýr liður, svo hljóðandi:			
16a Sildarkrydd, blandað	1 kg	7	2
2. Nr. 11 í 15. kafla orðast svo:			
— olívuolía (viðsmjör)	—	2	8
3. Nr. 55 í 28. kafla orðast svo:			
55 — ostahleypir og annað enzym	—	7	8
4. Aftan við nr. 13 í 31. kafla kemur nýr liður, svo hljóðandi:			
13a — bragðbætandi efni í gosdrykki, ót. a.	—	7	10
Aths. Bragðbætandi efni í gosdrykki teljast því aðeins til nr. 13a, að viðtakandi vörunnar reki tollvörugerð, þar sem úr vöru þessari er framleidd vörutegund, sem greitt er af tollvörugjald og eftirlitsgjald við sölu eða afhendingu, og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að varan verði notuð þannig.			
5. Í stað nr. 4—6 og 8—13 í 33. kafla koma þrjú nr., svo hljóðandi:			
Lím og steiningarefni alls konar:			
4 — kaseinlím	—	7	30
5 — trélím	—	7	10
6 — annað	—	7	30
6. Við nr. 6a í 34. kafla kemur svo hljóðandi athugasemd:			
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka vörumagnstoll af eldflugum og blysum til slysavarna niður í 2 auru af kg og verðtoll af þeim niður í 2%.			